

Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Við Austurvöll

Reykjavík, 29. október 2025

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins)

Samorka gerir ekki athugasemd við að skýrt verði kveðið á um heimild sjálfstæðra stjórnarsýslunefnda til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í málum þar sem leysa þarf úr álitaefnum sem tengjast túlkun EES-samningsins. Slík heimild getur stuðlað að auknu réttaröryggi, samræmdri framkvæmd EES-reglna og bættum gæðum í stjórnarsýslu.

Samorka bendir þó á að mikilvægt er að gæta varfærni við beitingu heimildarinnar. Öflun ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins getur verið viðamikil ferli og haft í för með sér kostnað og tafir á málsmeðferð. Það er því mikilvægt að heimildinni sé aðeins beitt þegar brýn þörf er á og álitaefnið hefur fordæmisgildi eða almenna þýðingu fyrir framkvæmd EES-réttar.

Samorka leggur áherslu á að stjórnarsýslunefndir gæti hófs og að meginreglan verði sú að ráðgefandi álits sé aðeins aflað í flóknum málum þar sem vafi er raunverulegur og úrlausn dómstólsins nauðsynleg til að tryggja réttmæta niðurstöðu. Þetta samræmist þeirri varfærni sem dómstólar hafa sýnt við beitingu heimildarinnar.

Eitt helsta áhyggjuefni við framkvæmd frumvarpsins er að málsmeðferð stjórnarsýslunefnda kunni að dragast vegna öflunar ráðgefandi álits. Samorka bendir á að þegar um er að ræða mál sem hafa mikla hagsmuni í för með sér — t.d. ákvarðanir sem varða leyfisveitingar, skipulagsmál eða framkvæmdir í orku- og veitumálum — geta tafir á úrlausn máls haft veruleg áhrif á framkvæmdir og fjárfestingar. Það er því lykilatriði að beiting heimildarinnar verði hófleg, vönduð og vel rökstudd, þannig að hún þjóni markmiði sínu án þess að draga úr skilvirkni og fyrirsjáanleika í stjórnarsýslu.

Samorka hvetur jafnframt til þess að stjórnvöld fylgist með áhrifum lagabreytingarinnar, einkum hvað varðar málshraða, gæði úrskurða og kostnað, og meti þörf á úrbótum ef reynslan sýnir að heimildin leiði til tafa eða aukins álags á stjórnarsýslunefndir.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur